



Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Garðabæjar

1. Tilgangur

Stefna Garðabæjar er að stjórnsýsla bæjarins sé opin og að bæjarbúar geti með einföldum hætti fylgst með störfum bæjarstjórnar og nefnda.

Reglum þessum er ætlað að tryggja að íbúar Garðabæjar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins og fyrirtækjum sem það á aðild að, sem lögð eru fram í bæjarstjórn, bæjarráði og fastanefndum á vegum sveitarfélagsins, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

Tilgangur þessara reglna er að birting gagna með fundargerðum sé byggð á málefnalegum forsendum í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2. Markmið

Markmið með þessum reglum er að leiðbeina fulltrúum í nefndum, starfsmönnum og riturum nefnda og samhæfa vinnulag við birtingu gagna með fundargerðum á vef Garðabæjar, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

3. Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir bæjarstjórn, bæjarráð og fastanefndir bæjarstjórnar á vef Garðabæjar.

4. Meginreglan um birtingu gagna

Við birtingu á fundargerðum á vef Garðabæjar skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, nema undantekningarreglur 5. og 6. gr. þessara reglna eða lög hindri slíka birtingu.

5. Gögn sem óheimilt er að birta

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

- Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
- Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
- Samninga við aðra en opinbera aðila, félagasamtök og styrktaraðila nema fyrir liggi samþykki samningsaðila en meginefni samninga skal þó koma fram í texta fundargerðar.
- Gögn sem varða einstaka starfsmenn Garðabæjar.



- Gögn sem teljast trúnaðarmál og varða einkamálefni eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila.
- Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.
- Gögn sem falla undir lagareglur um persónuvernd.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu gagna skulu gögn að jafnaði ekki birt.

6. Gögn sem ekki er skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn:

- Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.
- Gögn er varða tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaga.
- Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012.

7. Ábyrgð á birtingu gagna á heimasíðu

Ákvörðun um birtingu gagna skal vera á ábyrgð þess aðila sem ritar fundargerð og annast birtingu hennar á vef Garðabæjar í samráði við formann nefndar.

8. Upplýsingaréttur almennings

Að öðru leyti en hér er kveðið á um fer um upplýsingarétt almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

9. Persónuvernd

Setja inn eins og persónuvernd er með í úrskurðum.

10. Gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarráðs Garðabæjar XX.XX.XXXX.

Garðabæ, XX.XX.XXXX